

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Rangárfing eystra
Unnur Brá Konráðsdóttir,
sveitarstjóri
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 13. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071000183/bs

Breyting á auglýstri tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings eystra. Umsögn


Vísað er til bréfs Rangárþings eystra dags. 9. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar annars vegar um breytingu á auglýstu aðalskipulagi sem felst í færslu veglínu Bakkafjöruvegur að varnagörðum við vesturbakka Markarfljóts og hins vegar hvort umrædd breyting sé þess eðlis að nauðsynlegt sé að auglýsa breytingu á aðalskipulagi að nýju.


Færsla veglínu: Umhverfisstofnun telur að færsla veglínunnar að varnagörðum í farvegi Markarfljóts sé til bóta miðað við fyrri veglínu ef litið er til ástæðna þess að fyrirhugað framkvæmdasvæði er á náttúruminjaskrá. Stofnunin getur fallist á röksemdir Rangárþings að umrædd veglína muni hafa minni áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Einnig ætti að líta til þess að ekki er fyrirhugað að efnistaka vegna vega- og hafnargerðar fari fram utan við núverandi farveg Markarfljóts. Fyrirhugað vegstæði er að hluta gróðurlítið og hefur þegar verið raskað auk þess sem um þetta svæði mun að líkindum verða lagður vegur vegna grjótlutninga til hafnargerðar.

Hins vegar hefur stofnunin í umsögn sinni dags. 25. október sl. um mat á umhverfisáhrifum lagt áherslu á að fyrirhugaðar framkvæmdir verði utan svæðis 719 á náttúruminjaskrá.

Þörf á auglýsingu: Umhverfisstofnun telur að mat á því hvort færsla línunnar feli í sér verulegar eða óverulegar breytingar á gildandi skipulagi sé ekki á verkswiði stofnunarinnar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Helgi Jensson
Forstöðumaður